

Lög um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 128.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtiðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 129.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 130.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 20. desember 1947, nr. 131.

185

30. sept.

REGLUGERÐ

um tveggja mánaða viðaukanámskeið fyrir þá, er lokið hafa hinu minna vélstjóraprófi við Vélskólann í Reykjavík.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum fræðslu í eftirtöldum námsgreinum til viðbótar því, sem hin minni vélstjóradeild Vélskólans í Reykjavík, er staðið hefur í 4 mánuði, hefur veitt, og búa nemendur undir próf í þeim greinum.

2. gr.

Á námskeiðinu skal kenna íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði, eimvélafræði, mótórfræði og rafmagnsfræði.

3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru þau: a) að nemandinn hafi staðizt vélgæzlupróf við Vélskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 37 3. nóvember 1915 og reglugerð um viðauka við reglugerð um Vélstjóraskólann í Reykjavík nr. 117 frá 1916 eða hið minna vélstjórapróf við Vélskólann í Reykjavík, b) að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans, c) að hann hafi óskert mannorð, d) að hann kunni sund.

4. gr.

Beiðnir um inntöku á námskeiðið skal senda skólastjóra Vélskólans í Reykjavík eigi síðar en hálfum mánuði áður en námskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandinn uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 3. gr.

5. gr.

Þessi leyfi skal veita:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. desember, öskudagur og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námskeiðsins veitt eins dags leyfi.

6. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinar skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.

2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það. 185
30. sept.

Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.

3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki menntamálaráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjótí lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólaveri hans teljist skaðleg fyrir skólann eða aðra lærisveina skólans, eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Forstöðumaður skólans hefur á hendi alla umsjón með honum; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegum á því, sem til skólans þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur skólinn til, en lærisveinar skulu sjálfir kosta bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið.

8. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók nöfn, fæðingarstað, fæðingardag og ár þeirra lærisveina, sem koma í skólann. Í bókinni skal og geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra; enn fremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr skólanum, er fara kynnu úr honum af einhverjum ástæðum án þess að ljúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávallt geymd í Vélaskólanum.

9. gr.

Að afloknum prófum skal forstöðumaður senda menntamálaráðuneytinu greinilega skýrslu um kennsluna og prófið, enn fremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

10. gr.

Námskeiðið skal standa yfir í 2 mánuði og skulu kennslustundir vera á viku, sem hér segir, minnst:

Námsgreinar:	Stundir:
Íslenzka	6
Stærðfræði	8
Eðlisfræði	4
Eimvélafræði	10
Mótorfræði	2
Rafmagnsfræði, bókl.	2
Rafmagnsfræði, verkl.	2

Samtals 34

II. KAFLI

Um prófið.

11. gr.

Próf skal haldið að afloknu námskeiðinu. Æski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð um það frá kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

12. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir; skulu þeir hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðið veitir. Einn hinna ofangreindu prófdómenda, þó ekki forstöðumaður skólans, skal vera oddviti prófnefndar.

13. gr.

Til prófsins þarf:

Í islenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sémilega og nokkurn veginn rétt, lesið sémilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar. 2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, enn fremur einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar; enn fremur í rúmmálsfræði að geta reiknað út ferstrending og sívalning. 3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi, og þrýstimælum, eðlisþyngd, dælum, seltumælum, hita, hitamælum, úþpenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv., rafmagni og segulmagni. 4. Í vélfræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra, samsetningu og efni, eimkötlum, smíði þeirra og efni, hirðingu eimvéla og katla, hestöflum eimvéla, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, stillingu vélanna, viðhaldi og eftirliti, hjálparvélum skips og vélar, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, aðalhlutum skips og skiptingu þess í vatnspétt hólf, ryði og tæringu og vörnum gegn því, grundvallaratriði mótorá.

14. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni. Þau skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og dregur hver sitt. Skrifleg úrlausnarefni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir sama próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða og dregur prófsveinn einn miða um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu úrlausnarefnum skal taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

15. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álitur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini.

16. gr.

185

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis vikja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

30. sept.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpþæki önnur en þau, sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpþæki, reyni að fá hjálp, hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitíð, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu skal álitíð að hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefur meðan prófið stendur yfir.

17. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti vikið honum frá prófi.

18. gr.

Við prófið skulu gefnar einkunnirnar 0 til 8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði pródómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

19. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8

1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7

2. einkunn telst meðaleinkunnin 5—6

3. einkunn telst meðaleinkunnin 4—5

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4.

20. gr.

Við prófið skulu gefnar 10 einkunnir:

Í vélfræði 4 eink. fyrir 2 skrifl. og 2 munnl. úrlausnir

— íslenzku 2 — — 1 — — 1 — — úrlausn

— reikningi 2 — — 1 — — 1 — —

— eðlisfræði 1 eink. fyrir 1 munnlega úrlausn

— mótfræði 1 — — 1 — —

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 80 stig, en lægsta aðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 40 stig.

21. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að því loknu prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

185 Nr.
30. sept.

(Ríkisskjalдарmerki)
VIÐAUKASKÍRTEINI

við

prófskírteini nr.

N.N.

fæddur

.....

hefur staðizt viðaukapróf við hið minna vélstjórpróf við Vélskólann í Reykjavík.

Íslenska	2 einkunnir	stig
Stærðfræði	2	—
Eðlisfræði	1 einkunn	—
Vélfræði	4 einkunnir	—
Mótorfræði	1 einkunn	—

Aðaleink. 10 einkunnir stig

sem verður meðaleinkunnin

og hefur hann því staðizt prófið með einkunn.

Reykjavík, 19....

N.N. N.N. N.N.

Til þess að standast prófið þarf minnst 40 stig. Hæsta aðaleink. er 80 stig.

22. gr.

Að afloknu prófi ritar prófnefnd skýrslu um það með nöfnum prófsveina, fæðingardeg, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða bók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

23. gr.

Glati vélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.